

Mánudaginn 17. desember 1984.

Nr. 8/1984.

**Bandalag starfsmanna ríkis og bæja
f.h. Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar**

(Gestur Jónsson hrl.)

gegn

**borgarstjóranum í Reykjavík f.h.
Reykjavíkurborgar**

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Verkfall. Fyrirframgreiðsla launa. Opinberir starfsmenn.
Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Bjarni Kristinn Bjarnason, Björn Helgason, Gunnlaugur Briem, Ragnar Halldór Hall og Sigurfinnur Sigurðsson.

Málið, sem tekið var til dóms 7. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 5. október 1984, og var málið þingfest sama dag.

Stefnandi málsins er Bandalag starfsmanna ríkis og bæja f.h. Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Stefndi er borgarstjórinn í Reykjavík f.h. Reykjavíkurborgar.

Dómkröfur stefnanda eru þær, „að Félagsdómur dæmi, að sú ákvörðun stefnda að greiða þann 1. október 1984 einungis laun fyrir tímabilið 1. - 3. október 1984 til þeirra starfsmanna sinna, sem starfað hafa a.m.k. eitt ár samfellt hjá stefnda og hafa skriflega á þar til gerð eyðublið óskað eftir fyrirframgreiðslu fastra launa, enda sé viðkomandi starfsmaður í a.m.k. 50% starfi, sé ólögmet og brjóti í bága við sérkjarasamning aðila frá 3. maí 1984 og reglugerð um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar.“

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að mati Félagsdóms.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Í greinargerð stefnda kom fram krafa um frávisun málsins. Með úrskurði Félagsdóms, upp kveðnum 22. október sl., var frávisunarkröfunni hrundið. Stefndi kærði úrskurðinn til Hæstaréttar, sem staðfesti úrskurðinn með dómi 20. nóvember sl.

I.

Málavextir eru þeir, að þann 4. september 1984 boðaði stefnandi verkfall hjá stefnda frá og með 19. september 1984. Með ákvörðun sáttanefndar var verkfallinu frestað til 4. október 1984. Verkfallið hófst þann dag.

Eftir að verkfallsboðunin hafði borist stefnda, urðu umræður í borgarstjórn um það, hvort borgarsjóði væri skylt að greiða laun fyrirfram þann 1. október fyrir allan októbermánuð. Af því tilefni ritaði Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar borgarráði bréf, dagsett 24. september 1984, þar sem það skýrði sjónarmið sín og hvatti til þess, að borgarráð tæki af öll tvímæli um, að borgarstarfsmenn fengju laun sín greidd fyrirfram á hefðbundinn hátt.

Borgarráð tók síðan þá ákvörðun f.h. Reykjavíkurborgar, að einungis skyldu greidd út laun fyrir þrjá fyrstu daga októbermánaðar til þeirra starfsmanna borgarinnar, sem nytu fyrirframgreiðslu launa. Þó voru undanskildir þessari ákvörðun þeir starfsmenn, sem borgaryfirvöld töldu fyrirsjáanlega að yrðu úrskurðaðir til vinnu af kjaradeilunefnd samkvæmt ákvæðum 46. gr. reglugerðar nr. 236/1976, ef til verkfalls kæmi.

Við útborgun launa þann 1. október var ofangreind ákvörðun borgarráðs lögð til grundvallar launagreiðslum.

Stefnandi hefur ekki viljað una þessu og hefur því höfðað mál þetta.

II.

Í september 1977 boðaði Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar til verkfalls hjá borginni, og kom það til framkvæmda 11. október s.á. Þrátt fyrir verkfallsboðunina greiddi borgin föstum starfsmönnum sínum laun fyrirfram fyrir allan októbermánuð. Þau laun, sem greidd voru fyrir þá daga, sem verkfallið stóð, voru síðan dregin af launum viðkomandi starfsmanna við næstu útborgun, eftir að verkfallinu lauk. Ýmsum borgarstjórnarmönnum mun hafa þótt þetta fyrirkomulag óeðlilegt, og borgarráð samþykkti þann 25. apríl 1978 breytingu á reglum um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar. Hin nýja samþykkt hafði m.a. að geyma eftirfarandi ákvæði:

„1. Að hætta fastráðningum.

.....

3. Að greiða ekki laun fyrirfram til annarra en þeirra, sem nú fá laun þannig greidd.“

Áður höfðu fastráðnir starfsmenn Reykjavíkurborgar fengið föst laun sín greidd fyrirfram fyrsta dag hvers mánaðar, en fastráðningu hlutu starfsmenn samkvæmt umsókn eftir tiltekinn starfstíma hjá borginni.

Þann 28. mars 1984 var lögð fram af hálfu Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar skrifleg kröfugerð til stefnda vegna nýs sérkjara-samnings. Fyrsti töluliður í kröfugerðinni var: „Fyrirframgreiðsla launa.“

Sérkjarasamningur Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið 1. mars 1984 til 31. mars 1985 var undirritaður 3. maí 1984. Af hálfu Reykjavíkurborgar var samningurinn undirritaður með fyrirvara um samþykki borgarráðs. Jafnframt voru gefnar út tvær yfirlýsingar. Önnur hljóðar svo:

„Borgarráð mun í framhaldi af endanlegri staðfestingu samnings þessa gera þær breytingar á reglugerð um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar, að 3. liður samþykktar borgarráðs frá 25. apríl 1978 falli niður og þess í stað bætist við nýr liður, sem hljóði svo:

Starfsmaður sem starfað hefur í a.m.k. eitt ár samfelld hjá Reykjavíkurborg, á rétt á að fá föst mánaðarlaun greidd fyrirfram fyrsta virkan dag hvers mánaðar, enda óski hann skriflega á þar til gerðu eyðublaði eftir þeirri tilhögun launagreiðslna og sé ráðinn í a.m.k. 50% af fullu starfi. Ósk starfsmanns um fyrirframgreiðslu í stað greiðslu eftir á skal hafa borist a.m.k. einum mánuði áður en hún kemur til framkvæmda. Breyting þessi kemur fyrst til framkvæmda 1. september 1984.“

Ofangreind yfirlýsing er dagsett 3. maí 1984 og undirrituð af forseta borgarstjórnar og formanni Starfsmannafélagsins.

Þann 9. maí 1984 ritaði borgarstjóri Starfsmannafélaginu svofellt bréf:

„Á fundi borgarráðs í gær var lagður fram sérkjarasamningur Reykjavíkurborgar ásamt yfirlýsingu, dags. 3. þ.m.

Borgarráð samþykkti samninginn.

Jafnframt var lagt fram bréf starfsmannastjóra frá 6. þ.m. varðandi breytingu á reglum um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar, sbr. 3. lið samþykktar borgarráðs frá 25. apríl 1978 varðandi fyrirframgreiðslu launa, sem fylgir í ljósriti.

Borgarráð samþykkti framangreinda breytingu.“

III.

Stefnandi heldur því fram, að stefnda hafi borið skylda til samkvæmt samkomulaginu, sem gert var 3. maí 1984, að greiða þar tilgreindum starfsmönnum sínum föst laun fyrir allan októbermánuð á gjalddaganum 1. október 1984. Þessi skylda stefnda byggist auk þess á reglugerðinni um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar, eins og henni var breytt með samþykkt borgarráðs hinn 8. maí 1984.

Stefnandi bendir á, að vinnusamningur launþega og vinnuveitanda sé gagnkvæmur. Af því leiði m.a. það, að skylda annars aðilans til þess að efna sinn hluta samningsins sé háð því, að gagnaðilinn efni sinn hlut skyldunnar. Af því leiði, og um það sé enginn ágreiningur milli aðila, að launþegi, sem er í verkfalli, eigi ekki rétt til launa fyrir þann tíma, sem verkfallið stendur. Spurningin í þessu máli snúist um það, hvort greiðsluskylda borgarinnar á fyrirframgreiddum launum til starfsmanna sinna samkvæmt framangreindu ákvæði í sérkjarasamningi aðila hafi verið til að dreifa þann 1. október sl., þar sem þá hafi legið fyrir verkfallsboðun miðað við 4. október 1984.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að til þess að svara þessari spurningu þurfi fyrst að hafa það í huga, að boðun verkfalls sé fullkomlega lögmæt aðgerð stéttarfélags launþega til þess að freista þess að ná fram samningi um bætt kjör. Verkfall feli ekki í sér slit á ráðningarsamningi aðila. Báðir aðilar séu eftir verkfallið jafnbundnir af ráðningarsamningnum og áður en það hófst, t.d. að því er varðar uppsagnarfrest, ráðningartíma og fleiri atriði. Verkfallið felli hins vegar úr gildi þann hluta kjarasamningsins, sem sagt er upp, þann tíma, sem það stendur, og ráðningarsamningurinn skýrist af nýjum kjarasamningi aðila að verkfalli loknu.

Af þessu sé ljóst, að þann 1. október sl. hafi ráðningarsamningar starfsmanna borgarinnar við vinnuveitanda sinn verið í fullu gildi. Þennan dag hafi engin vissa legið fyrir um, að til verkfalls kæmi eða hversu lengi það kæmi til með að standa. Kjaradeilan hafi verið hjá ríkissáttasemjara til meðferðar og mögulegt hafi verið, að samningar kynnu að takast fyrir boðaðan verkfallsdag. Þá hafi verið hugsanlegt, að verkfallinu yrði frestað eða því yrði aflýst. Loks hafi möguleiki verið á því, að kjaradeilan yrði leyst með lagasetningu.

Stefnandi telur, að staðan þann 1. október hafi því verið sú, að aðilar kynnu að hafa á því skoðun, hvort líkur á verkfalli væru miklar eða litlar, en á einskis manns færi hafi verið að segja, að vissa væri fyrir því, að til verkfalls kæmi. Við þessar aðstæður þurfi að skera úr því, hvor aðilanna, launþeginn eða launagreiðandinn, eigi að bera áhættuna af því, að verkfall komi til framkvæmda og hve lengi það þá standi.

Það er álit stefnanda, að meginregla vinnuréttarins sé sú, að launþeginn þurfi fyrst að inna af hendi vinnu sína, áður en hann öðlast rétt á endurgjaldinu, þ.e. laununum. Framangreint samningsákvæði aðila um fyrirframgreiðslu fastra launa snúi þessari meginreglu við, þ.e. launagreiðandinn taki á sig áhættuna af því, að á því tímabili, sem launagreiðslan nær til, geti komið upp tilvik, sem valdi því, að réttur launþegans til launagreiðslunnar falli niður. Öðlast þá launagreiðandinn eftir atvikum endurkröfurétt á hendur launþeganum á þeim hluta launagreiðslunnar, sem vinnuframlag kom ekki á móti.

Það sé t.d. ljóst, að launþegi, sem án gildrar ástæðu kemur ekki til vinnu hluta mánaðar, þurfi að sæta því, að af launagreiðslu næsta mánaðar sé dregið af honum sem svarar fráverunni. Á sama hátt sé ljóst, að launagreiðandinn eignist endurkröfu á hendur launþega, sem hleypst á brott úr vinnu sinni.

Af hálfu stefnanda er á það bent, að því kunni að verða haldið fram, að ósanngjarnt sé að leggja þessa áhættu á launagreiðandann, þar sem endurkrafa kunni að reynast erfið til innheimtu. Það sé hins vegar ekki rétt. Ráðningarsamningur aðila sé enn í gildi að verkfalli loknu, og þeir launþegar Reykjavíkurborgar, sem eigi rétt á fyrirframgreiðslu launa sinna, hafi það langan uppsagnarfrest, að ekki séu vandkvæði á að beita frádrætti við næstu útborgun.

Þá beri að líta til þess, að á útborgunardegi launa falli öll föst mánaðarlaun í gjalddaga. Ómögulegt hafi verið að fullyrða þann 1. október sl., að verkfall yrði þann 4. október, og jafnómögulegt að fullyrða, hve lengi það kæmi til með að standa, skylli það á. Af því leiði, að jafnvel þótt vinnuveitandinn vildi beita frádrætti vegna „fyrirsjáanlegs“ verkfalls, gæti hann á engan hátt ákvarðað, hversu mikill frádrátturinn ætti að vera. Ljóst sé, að laun fyrir þann hluta októbermánaðar, sem kann að vera unninn eftir boðað verkfall, hafi fallið í gjalddaga þann 1. október sl.

Auk framangreinds byggir stefnandi á því, að þegar til verkfalls

starfsmanna Reykjavíkurborgar kom þann 11. október 1977, hafi föst laun fyrir október verið að fullu greidd út þann 1. október það ár. Á útborgunardegi launanna hafi legið fyrir, að verkfall hafi verið boðað þann 11. sama mánaðar. Við næstu útborgun hafi launþegarnir orðið að sætta sig við frádrátt af launum, sem nam fráverunni vegna verkfallsins. Enginn raunverulegur munur hafi verið á stöðunni 1. október sl. og 1. október 1977. Að vísu megi segja, að mat manna á líkum á því, hvort til verkfalls kæmi, kunni að hafa verið annað, en varla sé það tæk réttarregla, að skoðun vinnuveitandans á líkum á því, að til vinnustöðvunar kunni að koma í þeim mánuði, sem launagreiðslan nær til, ráði því, hvort honum beri að greiða út launin.

Þá hafi bankastarfsmenn boðað til verkfalls frá og með 8. desember 1980. Þrátt fyrir það hafi þeim verið greidd laun hinn 1. desember 1980 fyrir þann mánuð. Verkfallið hafi staðið í fjóra daga, 8. til 11. desember. Við útborgun launa fyrsta virka daginn í janúar 1981 hafi verið dregnar frá fjögurra daga launagreiðslur vegna verkfallsdaganna.

Framangreind tvö dæmi um framkvæmd á fyrirframgreiðslu launa styðji eindregið málstað stefnanda.

Þá byggir stefnandi kröfur sínar á því, að samþykkt borgarráðs frá 25.4.1978 um að hætta fastráðningum og að greiða ekki laun fyrirfram til annarra en þeirra, er þá nutu fyrirframgreiðslu, hafi m.a. verið gerð til þess að koma í veg fyrir þá óeðlilegu stöðu að mati þeirra, sem ákvörðunina tóku, að starfsmaður borgarinnar fengi laun greidd fyrirfram fyrir þann tíma, sem hann kynni að vera í verkfalli. Þessari ákvörðun hafi borgaryfirvöld breytt með samningnum frá 3. maí 1984 og þar með vitandi vits tekið á sig áhættuna af því, að starfsmenn kynnu að fá fyrirfram laun fyrir tíma, sem þeir yrðu í verfalli. Ef það var ætlan stefnda að greiða ekki laun fyrirfram í tilvikum, sem hér um ræðir, hefði hann þurft að gera sérstakan fyrirvara um það, þegar hinn nýi kjarasamningur var gerður.

Stefnandi telur, að einnig beri að hafa í huga, að launagreiðslan sé fyrir heilan mánuð samkvæmt samningsákvæðinu. Þá sé í 14. gr. reglugerðar nr. 236/1976 um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja svofellt ákvæði:

„Nú rennur kjarasamningur út vegna uppsagnar, og skal þó eftir honum farið, uns nýr kjarasamningur hefur verið gerður eða vinnustöðvun hefst.“

Af framangreindu telur stefnandi ljóst, að þar sem vinnustöðvun hafi ekki verið hafin 1. október 1984, hafi stefnda borið þann dag að inna af hendi mánaðarlaun starfsmanna fyrirfram fyrir októbermánuð.

IV.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að málið snúist um það, hvernig skýra beri það ákvæði kjarasamningsins, að tilteknir starfsmenn eigi „rétt á að fá föst mánaðarlaun greidd fyrirfram fyrsta virkan dag hvers mánaðar,“ þegar svo standi á sem 1. október 1984, að Starfsmannafélagið hafi boðað verkfall, sem átti að hefjast 4. október 1984.

Stefndi telur, að við skýringu á þessu verði fyrst og fremst að hafa í huga, að laun séu endurgjald vinnuveitanda fyrir vinnuframlag starfsmanna. Til grundvallar skyldunni til launagreiðslu liggi ráðningarsamningur, þar sem báðir aðilar hafi skyldum að gegna. Starfsmanninum sé skylt að vinna og vinnuveitandanum að greiða laun. Skyldurnar séu gagnkvæmar. Í því felist, að því aðeins beri öðrum aðilanum að efna sína skyldu, að hinn efni einnig sína. Með kjarasamningnum sé Reykjavíkurborg vitaskuld ekkert að víkja frá þessu. Honum sé einungis ætlað að kveða á um gjalddaga fastra mánaðarlauna til tiltekinna starfsmanna borgarinnar á þann veg, að launin skuli greiða mánaðarlega fyrirfram. Sé þá að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, án þess að taka þurfi það fram, að vinnuframlag komi á móti.

Ef fyrir liggi á gjalddaga launanna, að starfsmaður muni ekki ætla að efna sínar skyldur samkvæmt ráðningarsamningnum t.d. hluta þess tíma, sem launin eru greiðsla fyrir, sé augljóst, að ekki sé skylt að greiða starfsmanninum launin að því marki.

Þegar um boðað verkfall er að ræða, telur stefndi, að aðstaðan sé sú, að starfsmaðurinn hafi lýst yfir því (þ.e. starfsmannafélagið fyrir hans hönd), að hann muni ekki vinna, nema nýr kjarasamningur verði gerður fyrir þann dag, þegar verkfall skal hefjast. Hann hafi m.ö.o. gefið yfirlýsingar um, að hann muni ekki vinna eftir ákveðinn dag, nema uppfyllt séu skilyrði, sem varða aðra hluti en þá, sem hinn gagnkvæmi ráðningarsamningur fjallar um og

vinnuveitandanum sé ósklyt að lögum að uppfylla. Ennfremur sé ljóst, að komi til verkfallsins, falli niður réttur starfsmannsins til launanna. Vafalaust sé, að vinnuveitandanum sé ósklyt að greiða starfsmanninum laun nema fyrir það tímabil, sem starfsmaðurinn hefur lýst yfir, að hann muni vinna. Hagsmunum vinnuveitandans af því að fá gagngjaldið samkvæmt samningnum, vinnuframlagið, hafi verið stofnað í svo mikla hættu, að grundvöll skorti fyrir skyldu hans til launagreiðslunnar. Það sé grundvallarregla í gagnkvæmum samningum, þar sem báðir aðilar eigi að inna greiðslurnar af höndum, að annar aðilinn megi gæta hagsmuna sinna með því að stöðva sína greiðslu, ef hann hefur nægilega ástæðu til að ætla, að hann muni ekki fá gagngreiðsluna. Fráleitt sé, að ákvæði sérkjarasamningsins um gjalddaga fastra launa feli í sér aðra skipan. Með þessu samningsákvæði hafi engu verið breytt efnislega um þau úrræði, sem vinnuveitandinn á vegna gagnkvæmninnar í greiðslum aðilanna. Hið eina, sem breytist vegna greiðslu launanna fyrirfram, sé það, að vinnuveitandanum sé í sumum tilfellum gert erfiðara fyrir að neyta þessara úrræða, þegar hann veit ekki við útborgun launanna um þær hömlur, sem verða á greiðslu gagngjaldsins. Um þær aðstæður sé auðvitað ekki að ræða hér.

Stefndi bendir á, að af hálfu stefnanda sé talið, að áhættan „af því, að á því tímabili, sem launagreiðslan nær til, geti komið upp tilvik, sem valda því, að réttur launþegans til launagreiðslunnar fellur niður“, hafi flust til launagreiðandans við að ákveða gjalddagann fyrirfram. Þetta sé vitaskuld rétt, að því er varðar utanáðkomandi óvænt atvik, sem valda því, að vinna fellur niður, þ.e. atvik, sem ekki var unnt að sjá fyrir á gjalddaganum.

Þá er því haldið fram af stefnda, að ótvíræðar meginreglur í kröfurétti mæli fyrir um í gagnkvæmum samningum, að aðili þurfi ekki að inna sína greiðslu af hendi, þegar hann hefur á gjalddaganum rökstudda ástæðu til að ætla, að hann muni ekki fá gagngjaldið, og gildi þá einu, hvort gagnaðila verði gefið að sök að svona er ástatt. Þegar svo standi á vegna einhliða yfirlýsinga gagnaðilans, að vafi sé á, að gagngjaldið verði afhent, sé auðvitað ljóst, að skyldan til greiðslunnar falli niður. Breyti engu í þessu sambandi, þótt launagreiðandi kunni að eiga önnur úrræði síðar til að innheimta það, sem hann hefur ofgreitt.

Stefndi bendir á, að í greinargerð sinni telji stefnandi, að ákvörð-

un um fyrirframgreiðslu launa sé undantekning frá þeirri meginreglu vinnuréttarins að greiða laun eftir á. Þetta sé rétt. Af þessu verði sú ályktun dregin, að óheimilt sé að leggja víðtækari merkingu í undantekninguna heldur en hún beinlínis felur í sér, þ.e. að launin greiðist fyrirfram, þegar allt er með felldu í vinnusambandinu. Fráleitt megi túlka undantekninguna frá meginreglunni svo, að í henni felist einhver tilflutningur á áhættu milli aðila á þann hátt, að launagreiðanda beri að greiða, jafnvel þótt á gjalddaganum liggja fyrir einhliða yfirlýsing starfsmanns um, að hann muni ekki efna af sinni hálfu, nema eitthvað sérstakt komi til, m.ö.o. sæti undantekningu frá meginreglunni um þrönga skýringu.

Þá tekur stefndi fram, að stefnandi leggi á það áherslu í greinargerð sinni, að verkfall sé lögmæt aðgerð, sem ekki feli í sér slit á ráðningarsamningi. Þetta sé út af fyrir sig rétt, þótt ekki megi draga af þessu þær ályktanir, sem stefnandi vilji gera. Það, sem máli skipti, sé, að starfsmaðurinn missi rétt sinn til launanna, þegar hann fer í verkfall. Réttur launagreiðandans til að fella niður sína greiðslu á móti sé ekki háður því, hvort niðurfelling á vinnu sé í sjálfu sér lögmæt eða ólögmæt gagnvart honum. Það, sem máli skipti, sé, að skyldan til launagreiðslu falli niður og það séu þessir hagsmunir, sem verið sé að vernda með því að greiða ekki launin. Hitt skipti svo auðvitað líka máli, að verkfallsboðun sé þvingunaraðgerð launþegans til þess ætluð að knýja vinnuveitandann til samninga um hærri launagreiðslur. Við túlkun á réttarstöðu aðilanna megi ekki velja þann kost, að stefnda sé skylt að greiða laun fyrirfram og auðvelda starfsmönnum þannig þvingunaraðgerðir gegn sér.

Enn tekur stefndi fram, að stefnandi telji í greinargerð sinni, að framkvæmd launagreiðslna hjá stefnda í október 1977 sé málstað sínum til framdráttar. Þessu sé með öllu mótmælt. Í fyrsta lagi skuli á það bent, að ástæður hafi þá verið aðrar, þar sem ekki hafi legið fyrir 1. október 1977 úrslit í atkvæðagreiðslu félagsmanna í BSRB um tillögu sáttanefndar, svo sem var 1. október sl., sbr. 21.-24. gr. laga nr. 29/1976. Hitt skipti svo meginmáli, að greiðslan 1. október 1977 hafi ekki byggst á því, að skylt væri að greiða. Ákvörðun hafi þá verið tekin um að greiða vegna þess, að stefndi hafi talið það skynsamlega ráðstöfun við þær aðstæður, sem þá voru uppi. Af þessari framkvæmd verði því engar ályktanir dregnar um skyldu aðila.

Loks tekur stefndi fram, að í greinargerð sinni byggi stefnandi á því, að samþykkt borgarráðs 1978 hafi verið gerð til að koma í veg fyrir þá óeðlilegu stöðu, að starfsmaður borgarinnar fengi greidd fyrirfram laun fyrir þann tíma, sem hann kynni að vera í verkfalli. Með því að breyta samþykktinni 1984 hafi borgaryfirvöld tekið á sig áhættuna af þessu. Í þessu sambandi telur stefndi ljóst, að fyrirframgreiðsla launa sé óeðlilegri til starfsmanna með verkfallsrétt heldur en starfsmanna, sem ekki hafa þann rétt. Þetta stafi af því, að hætta sé á tilvikum, þar sem starfsmaður verði ranglega búinn að fá laun fyrir tímabil, sem verkfall stendur. Megi í því efni benda á, að lengsti mögulegi frestur frá verkfallsboðun í verkfall skv. III. kafla laga nr. 29/1976 sé 30 dagar, ef sáttanefnd nýti til fulls heimild til frestunar samkvæmt 22. gr. Stysti frestur sé 15 dagar, sbr. 19. gr. Og með því að breyta samþykkt sinni frá 1978 hafi borgarstjórn tekið á sig nokkra aukna áhættu að þessu leyti, þ.e.a.s. á tilvikum, þegar verkfall, sem hefst innan mánaðarins, hefur ekki verið boðað í byrjun hans. Það sé hins vegar alveg óheimilt að telja, að í þessu hafi falist áhætta af því tagi, sem stefnandi vill vera láta.

V.

Það er meginregla í vinnurétti, að vinnusamningar aðila, þ.e. vinnuveitanda og launþega, eru gagnkvæmir á þann hátt, að skylda annars aðilans til þess að inna af hendi sitt framlag er almennt háð því, að mótaðilinn efni sinn hlut skyldunnar. Af því leiðir, að ekki er vafi á því, að launþegi, sem er í verkfalli, á ekki rétt til launa fyrir þá daga, sem hann er í verkfallinu.

Þá er það einnig meginregla á sviði vinnuréttarins, að launþeginn þurfi fyrst að láta vinnu sína af hendi, áður en hann öðlast rétt á gagngjaldinu þ.e. launum sínum.

Frá síðastgreindri meginreglu var brugðið í lögskiptum aðilanna, þegar stefndi samþykkti hinn 3. maí 1984, að tilteknir starfsmenn hans fengju föst laun sín greidd mánaðarlega fyrirfram fyrsta virkan dag hvers mánaðar.

Þegar kjarasamningur var undirritaður framangreindan dag, virðast engar umræður hafa farið fram um það, hvernig við skyldi bregðast með fyrirframgreiðslu launanna, ef til verkfalls starfsmanna Reykjavíkurborgar kæmi, og enginn fyrirvari er skráður um þetta í sjálfum samningnum. Verður eigi á það fallist með stefn-

anda, að úrslit málsins eigi að ráðast af því, að stefndi samþykkti kjarasamninginn án sérstaks fyrirvara um þetta samningsákvæði.

Á það þykir mega fallast með stefnda, að samningsákvæðið um fyrirframgreiðslu launa eigi ekki að skýra svo bókstaflega, að það hafi átt að tryggja félagsmönnum stefnanda launagreiðslur fyrir tímabil, sem þeir fyrirsjáanlega yrðu í verkfalli. Breytir engu í því sambandi, þótt stefndi ætti þess kost að draga kaupið fyrir verkfallsdagana frá launum, sem starfsmenn ynnu fyrir síðar.

Á gjalddaga launanna 1. október 1984 hafði sáttatillaga sáttanefndar verið felld, og boðað verkfall 4. sama mánaðar hafði ekki verið afturkallað. Að svo vöxnu máli var stefnda rétt að greiða einungis laun fyrir þá þrjá daga mánaðarins, sem fyrirsjáanlegt var, að unnið yrði. Verður eigi á það fallist með stefnanda, að slík óvissa hafi verið hinn 1. október um, hvort til verkfalls kæmi, að stefnda væri skylt að greiða föst laun fyrir októbermánuð fyrirfram. Þá þykir 14. gr. reglugerðar nr. 236/1976 eigi standa í vegi fyrir þessari túlkun á kjarasamningnum.

Þá verður eigi heldur talið, að áðurgreind framkvæmd á launagreiðslum 1. október 1984 sé út af fyrir sig brot á reglugerð um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar, svo sem henni var breytt með samþykkt borgarráðs 8. maí 1984.

Samkvæmt framansögðu ber að hafna kröfu stefnanda. Verður sýknukrafa stefnda því tekin til greina, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f.h. Reykjavíkurborgar, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja vegna Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Sigurfinns Sigurðssonar.

Eftir að borgarstjórn Reykjavíkurborgar hafði með samþykkt í borgarráði hinn 25. apríl 1978 ákveðið að afnema fyrirframgreiðslu launa til nýrra starfsmanna Reykjavíkurborgar, var í samræmi við

sérkjarasamninga Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar frá 3. maí 1984 ákveðið með reglugerð, að starfsmenn, sem uppfylltu tiltekin skilyrði, fengju föst mánaðarlaun greidd fyrirfram 1. virkan dag hvers mánaðar.

Þrátt fyrir reynslu af fyrirframgreiðslu launa í verkfalli starfsmanna Reykjavíkurborgar árið 1977 sá borgarstjórn ekki ástæðu til þess að setja í reglugerðina fyrirframgreiðslu launa að boðuðu verkfalli í greiðslumánuði.

Verður því ekki annað séð en að samningsaðilar hafi verið ásáttir um, að tekið skyldi upp að nýju það fyrirkomulag, sem gilt hafði um fyrirframgreiðslu launa, áður en fyrrgreind samþykkt borgarráðs 1978 kom til framkvæmda.

Svo sem fram kemur í greinargerðum málsaðila, er ágreiningslaust, að laun skuli ekki greiða fyrir þann tíma, sem starfsmenn eru í verkfalli.

Þá eru aðilar sammála um, að í því tilviki, sem hér um ræðir, sé vinna endurgjald launa í stað hins venjulegasta, að laun séu endurgjald vinnu. Skyldan til þess að inna endurgjaldið af hendi sé vafalaus.

Í því sambandi ber að líta til þess, að sá aðili, sem fyrr greiðir sinn hluta, tekur jafnan á sig nokkra áhættu af því að fá endurgjaldið ekki á umsömdum tíma.

Með tilliti til langs uppsagnarfrests þeirra starfsmanna Reykjavíkurborgar, er mál þetta varðar, svo og þess, að unnin yfirvinna er jafnan greidd eftir á, verður eigi fallist á það, að fjárhagsleg áhætta af fyrirframgreiðslu fastra launa að boðuðu verkfalli sé slík, að hún réttlæti riftun samkomulags um það greiðslufyrirkomulag.

Endurgjaldið, þ.e. vinnuframlagið, kann hins vegar að geta dregist vegna þó fullkomlega löglegra aðgerða, sem verkfall telst vera.

Framkvæmd boðaðrar vinnustöðvunar er jafnan háð fyrirvara um, að samkomulag náist, þannig að aldrei verður fullyrt fyrirfram um það, hvort hún kemur til framkvæmda eða henni verður aflýst eða frestað.

Ekki eru í kjarasamningum málsaðila nein ákvæði, er veita öðrum aðilanum heimild til þess að víkja frá gerðum kjarasamningum vegna einhliða mats síns á líkum þess, að boðað verkfall komi til framkvæmda.

Með hliðsjón af framansögðu og með tilvísun til 14. gr. reglugerðar nr. 236/1976 um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja ber að taka dómkröfur stefnanda til greina.

Vegna eðlis máls þessa þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem telst hæfilegur kr. 10.000,00.

D ó m s o r ð:

Krafa stefnanda, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja f.h. Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, á hendur stefnda, borgarstjóranum í Reykjavík f.h. Reykjavíkurborgar, þess efnis, að dæmt verði, að sú ákvörðun stefnda að greiða þann 1. október 1984 einungis laun fyrir tímabilið 1. - 3. október 1984 til þeirra starfsmanna sinna, sem starfað hafi a.m.k. eitt ár samfellt hjá stefnda og hafa skriflega á þar til gerð eyðublöð óskað eftir fyrirframgreiðslu fastra launa, enda sé viðkomandi starfsmaður í a.m.k. 50% starfi, sé ólögmæt og brjóti í bága við sérkjarasamning aðila frá 3. maí 1984 og reglugerð um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar, er tekin tilgreina.

Stefndi greiði stefnanda 10.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
